



Judofelag Suðurlands

AFMÆLISMÓT JSÍ 2024



Frá vinstri Viktor Kristmundsson JR og Arnar Helgi Arnarsson Judofélagi Suðurlands

Afmælimót Judosambands Íslands fór fram 3. febrúar í sal Judofélags Reykjavíkur í Ármúla 17 Reykjavík. Arnar H. Arnarsson keppti í flokki U18 -90kg og keppti einum þyngdarflokki upp fyrir sig þar sem andstæðingurinn Viktor Kristmundsson er -100kg.

Þar sem þeir Arnar og Viktor voru 2 í þesum flokki þurfti 2 vinninga til þess að hreppa 1. sæti. Arnar vann fyrstu glímu örugglega, en önnur glíman fór þannig að Viktor var dæmdur sigur sem var vægt sagt vafsöm niðurstaða. Þannig að 3 glíma var hrein úrslitaglíma sem Arnar vann af miklu öryggi. Það verður þó að segjast að Viktor stóð sig með milum ágætum.